

66 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um lög taksskipun. — Af hjálögðu erindi hreppsnefndarinnar í Hrafnagilshreppi virðist mega sjá, að úrskurður minn frá 9. júní f. á. (stjórnartíð. B. 93) hafi ekki verið birtur hreppsnefndinni, og í annan stað, að sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hafi ekki tekið það til greina, er þar er sagt um, að sýslumaðurinn sje skyldur til samkvæmt 1. og 2. grein opins brjefs frá 2. apríl 1841, að láta hreppsnefndinni í tje lögtaksskipun með tilliti til viðkomandi hreppsgjalds á ábyrgð lögtaksbeiðanda, að því er snertir lögmæti gjaldsins.

Fyrir því vil jeg, um leið og jeg bið mjer fylgiskjalið endursent, skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir hlutaðeiganda sýslumann tafarlaust að birta hreppsnefndinni með þessu brjefi tjeð brjef mitt frá 9. júní f. á. og um leið að gefa út lögtaksskipun þá, er beðið hefir verið um, og inniheldur opið brjef 2. apríl 1841 enga heimild til þess að krefjast þess af lögtaksbeiðanda, að hann setji veð, fyr en lögtaksskipunin er gefin út og lögtakið byrjað samkvæmt slíkri skipun. Loksins býst jeg við að fá yfirlýsingu sýslumannsins með þóknanlegum ummælum yðar um, hverjar ástæður hann hafi haft fyrir sjer til þess ekki að breyta eptir því, sem lagt hefir verið fyrir hann með brjefi mínu frá 9. júní f. á.

67 — Ágrip af brjefum landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu og sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um vegagjörðir.

Með þessum brjefum var af fje því, er getur um í 9. gr. C. 5. fjárlaganna veitt til vegabóta í sumar:

| | |
|--|----------|
| 1. á Holtavörðuheiði | 3500 kr. |
| 2. - Hellisheiði | 4500 — |
| 3. - Kaldadalsveginum | 2000 — |
| 4. - Bröttubrekkuveginum | 500 — |
| 5. - Laxárdalsheiði | 400 — |
| 6. - Haukadalsskarðsveginum | 400 — |
| 7. - Vatnsskarðsveginum | 1000 — |
| 8. - Siglufjarðarskarðsveginum | 1000 — |

ÓVEITT PRESTAKÖLL.

| | | Metin Kr. | Anglýst. | |
|----------------------|--|----------------|----------|-----------------|
| Selvogsþing | í Árnesprófastsdæmi | Uppbót 500 kr. | 440 33 | 4. apríl 1870. |
| Sandar í Dýrafirði | - Vesturísafjarðarprófastsdæmi | — 200 — | 485 62 | 11. maí 1875. |
| Ásar í Skaptártungu | - Vesturskaptafellsprófastsdæmi | — 700 — | 269 75 | 31. marz 1876. |
| Þóróddsstaður | - Suðurþingeyjarprófastsdæmi | — 200 — | 733 73 | 24. marz 1879. |
| Húsavík | - ——— | — 200 — | 594 64 | 1. sept. 1879. |
| Otrardalur | - Barðastrandarprófastsdæmi | — 400 — | 296 58 | 12. apríl 1880. |
| Helgastaðir | í Suðurþingeyjarprófastsdæmi | | 686 20 | 17. júlí 1876. |
| Hólmar í Reyðarfirði | - Suðurmúlprófastsdæmi. Prestsekkja nýtur $\frac{1}{8}$ af föstum tekjum þessa prestakalls | | 2238 „ | 18. marz 1880. |
| Reynistaðaklaustur | - Skagafjarðarprófastsdæmi | | 516 28 | 18. marz 1880. |
| Hofteigur | - Norðurmúlprófastsdæmi | | 999 34 | 22. marz 1880. |
| Oddi | - Rangárvallaprófastsdæmi | | 2217 68 | 22. marz 1880. |
| Ógurþing | - Norðurísafjarðarprófastsdæmi | | 732 10 | 12. apríl 1880. |

Þeir, sem skipaðir verða í embætti þessi, eru skyldir að sætta sig við breytingar þær, er leiða af lögum 27. febr. þ. á. um aðra skipun prestakalla. Uppbæturnar eru fyrir fardagaárið 1880—81 lagðar hinum fyrstnefndu sex prestaköllum með því skilyrði, að prestar þeir, er skipaðir verða, taki samsumars að þjóna þeim.